

Ed.

571. Frumvarp til laga

[186. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 482 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Á eftir 5. tölulið 2. gr. komi:

Í því skyni heimilast framleiðsluráði landbúnaðarins:

- a. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.
- b. Að ráðstafa því fé, sem fást kann í verðmiðlunarsjóð, samkv. a-lið, til verðuppbóta á þær vörur, sem framleiðsluráð telur þörf á, svo sem til útflutningsuppbóta til viðbótar því fé, sem greitt er úr rikissjóði samkv. 12. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir samkv. a-lið, hafa ekki áhrif á útsöluverð landbúnaðarvara til neytenda.

16. gr. hljóðar svo:

14. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar sláturleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignast hafa slátruhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur enn fremur veitt öðrum aðilum sláturleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum nýafgreiddra laga frá Alþingi um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð getur ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.